



4. Stjórnarfundur AKÍS 2023

Fundargerð

Staður og tími: Fjarfundur 21. febrúar 2023 kl. 18:00

Mættir aðalmenn: Aðalsteinn Símonarson (AS), Halldór Viðar Hauksson (HVH), Baldvin Hansson (BH), Halldór Jóhannsson (HJ) og Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS).

Mættir varamenn: Sigurjón Andersen (SA).

Fundinn sat einnig Bergur Þorri Benjamínsson (BÞB) framkvæmdastjóri.

Fjarverandi: Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR) aðalmaður og Sigfús B Sverrisson (SBS) varamaður.

AS ritaði fundargerð.

1. Formannsskipti

Helga Katrín sendi stjórninni tölvupóst miðvikudagskvöldið 15. febrúar s.l. þar sem hún sagði af sér formennsku í AKÍS. Í framhaldinu ákvað stjórnin að Baldvin Hansson varaformaður skyldi gegna hlutverki og skyldum formanns fram að ársþingi sambandsins 18. mars n.k.

BH og BÞB upplýstu að vel hefði gengið að gera þær ráðstafanir og breytingar sem nauðsynlegar voru við þessar breytingar, s.s. að tilkynna um þær til aðildarfélag, ÍSÍ og FIA, og ekki hafi verið mikið um fyrirspurnir vegna þessara breytinga.

2. Uppgjör 2022

Lögð voru fram drög að uppgjöri fyrir árið 2022. Nokkrar spurningar vöknudu varðandi ýmsa liði og var BÞB og HJ gjaldkera falið að fara ítarlega yfir fyrirbyggjandi gögn og kalla jafnframt eftir frekari upplýsingum frá bókara.

3. Fjárhagsáætlun 2023

Lögð voru fram drög að fjárhagsáætlun og þau rædd ítarlega.

Frekari vinnu við áætlunina frestað til næsta fundar þegar frekari upplýsingar um niðurstöðu síðasta árs liggja fyrir.

4. Höfundarréttargjöld til STEF

ÍSÍ hefur tekið málið að sér fyrir hönd allra sérsambandanna. AKÍS mun ekki aðhafast frekar fyrr en niðurstaða liggur fyrir þar. BÞB mun tryggja að aðildarfélag sambandsins séu upplýst um stöðu mála.

5. Önnur mál

Skoðanir á öryggisbúrum - Tryggja þarf að brugðist sé við beiðnum um skoðanir. BÞB mun sjá um það.



Viðbragðsáætlun vegna atvika og áfalla - vinnuhópur sem skipaður var til að fara yfir áætlun Samskiptafulltrúa hefur komið saman. BÞB mun fylgja eftir að vinnan haldi áfram og vonast er eftir að hægt verði að kynna einhverjar niðurstöður á Ársþinginu 18. mars.

Fundi slitið kl. 20.43.

Stjórnin áætlað að hittast næst á Zoom 28. febrúar kl. 18.00 til að undirbúa ársþing.
Næsti reglubundni stjórnarfundur 7. mars.